

um athugun á fjárþörf landbúnaðarins.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta fara fram nákvæma rannsókn á, hversu mörg íbúðarhús í sveit þarf að endurbyggja næstu 5 ár.
2. Að láta á sama hátt rannsaka og gera áætlun um, hversu miklu fjármagni þarf að verja næstu 5 ár til peningshúsa og annarra bygginga tilheyrandi landbúnaðinum.
3. Að rannsaka, hversu miklu fjármagni þarf að verja til ræktunarframkvæmda næstu 5 ár, miðað við, að allur heyfengur verði tekinn af ræktuðu landi (tún-um eða áveitulöndum) eftir þann tíma.
4. Að láta fram fara athugun á, hversu mikið fjármagn þarf til raforkudreifingar og virkjana næstu 10 ár, miðað við, að flest sveitabýli á landinu hafi fengið rafmagn að þessum tíma loknum.

Greinargerð.

Um það verður ekki deilt, að miklar framfarir hafa orðið í landbúnaðinum síðustu árin. Húsakostur hefur stórum batnað, samgöngubætur orðið miklar og ræktun aukizt mikið. Rafmagn er og komið í ýmsar sveitir, og er það ekki þýðingarminnst. Skyld er að viðurkenna það, sem vel hefur tekizt, og ekki væri rétt að gera lítið úr framförum síðustu ára á sviði landbúnaðarins frenur en í öðrum greinum þjóðlífsins. En eins og að líkum lætur er mikið eftir ógert og margt, sem kallar eftir skjótri lausn.

Þannig eru enn í sveitum landsins margir bæir, sem eru lélegir mannbústaðir og verður að endurbyggja mjög fljótt. Það er nauðsynlegt að fá strax yfirlit um fjölda slíkra sveitabæja, svo að mögulegt verði að gera sér fulla grein fyrir lánaþörfinni á þessu sviði. Það mun vera regla hjá Búnaðarbankanum að lána allt að 45 þús. kr. til byggingar íbúðarhúss í sveit, ef sæmilega er til þess vandað. Algengustu íbúðarhús, sem nú eru byggð í sveitum landsins, munu kosta ca. 100 þús. kr. Það er því ljóst, að 45 þús. kr. er allt of lágt lán fyrir allan þorra bænda, og hafa því margir, sem neyðast til að byggja á þessum tímum, orðið fyrir miklum erfiðleikum vegna byggingarkostnaðarins. Með því að fá yfirlit um þann fjölda íbúðarhúsa, sem verður að byggja í sveitum á næstunni, er hægt að gera sér ljósa fjárþörf byggingarsjóðsins, með tilliti til þess, að lánað verði allt að 75% af byggingarkostnaði húsa, eins og lög sjóðsins heimila.

Ræktunarsjóður hefur lánað út á útihúsabyggingar og ræktunarframkvæmdir. Hefur sá sjóður ekki getað fullnægt þörfum bænda. Hefur þó verið nokkru rýmra þar en hjá byggingarsjóðnum.

Með því að safna gögnum um nauðsynlegar framkvæmdir á sviði ræktunar og útihúsabygginga er hægt að leiða í ljós, hvað mikið þarf að auka framlög til ræktunarsjóðs, til þess að hann geti gegnt hlutverki sínu.

Eðlilegast er, að ríkisstjórnin feli Búnaðarfélagi Íslands að safna gögnum viðvíkjandi 1.—3. lið tillögunnar.

Um 4. lið tillögunnar er það að segja, að raforkumálaskrifstofan ætti að hafa möguleika á að gera nokkuð fljótt þá útreikninga og áætlanir, sem þar er farið fram á.

Undanfarin ár hefur mikið verið gert í rafmagnsmálunum og mörg heimili fengið rafmagn, sem höfðu tæplega gert sér vonir um þau þægindi í náinni framtíð. En þau heimili eru miklu fleiri, sem ekkert hafa af kostum rafmagnsins að segja. Það fólk þer fram réttmætar óskir til Alþingis og ríkisstjórnar, að nú verði ekki staðar numið á þeirri framfaraleið, sem lögð var á Alþingi 1942 með stofnun raforkusjóðs og haldið hefur verið áfram á, samkvæmt raforkulögunum. Með því að gera heildar-áætlun um kostnað við nauðsynlegar virkjanir og dreifingu um þær byggðir landsins, sem til greina koma, verður ljóst, hvað fjárþörfin til framkvæmdanna verður mikil, og þá fyrst er hægt að gera réttmætar tillögur til fjárframlaga á þessu sviði.

Það er fyrir fram víst, að allar þær framkvæmdir, sem getið er um í tillögunni, eru fjárfrekar. En þær munu skila arði bæði beint og óbeint. Hinir miklu fólksflutningar til kaupstaðanna hafa kostað þjóðina mikið. Og fari slíku fram eftirleiðis, að straumurinn liggi til kaupstaðanna, og þá mest til Reykjavíkur, má búast við, að það jafnvægisleysi, sem af slíku leiðir, gæti orðið litlu þjóðfélagi að falli.

Eina ráðið til að skapa fullkomið jafnvægi í þjóðfélaginu og eðlilega þróun atvinnulífsins er aukin ræktun og önnur uppbygging í sveitunum ásamt útbreiðslu rafmagnsins. Verði að því unnið með dugnaði og festu, mun þjóðin fá aukinn viðnámsþrótt gegn þeim erfiðleikum, sem svo oft ógna smáþjóðum.